

Fræðslulögin 1907

og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu

Árið 1907 voru sett á Íslandi almenn lög um fræðslu barna, en þessi lagasetning markaði upphaf almennrar skólafræðslu í landinu. Miðað við Snæfjallahrepp var í Grunnavíkurhreppi brugðist seint við kröfum fræðslulaganna, en engin barnafræðsla var þar kostuð af almannafé um árabil. Farskólahald var í báðum hreppum, en eiginlegur farskóli lagðist af í Snæfjallahreppi árið 1936 um sama leyti og lögin voru endurskoðuð og var eftir það í tólf ár starfræktur heimangönguskóli að Lyngholti í Snæfjallahreppi. Saga Lyngholtsskólans er merk heimild um þróunina í skólahaldi á fyrri hluta 20. aldar. Texti um Lyngholtsskólann er eftir Engilbert Ingvarsson og að hluta eftir Hjalta Jóhannsson. Loftur Guttormsson lagði til texta um viðbrögð Grunnvíkinga við fræðsluskyldunni. Sögumiðlunin ehf / Ólafur J. Engilbertsson tók saman sýningarhandrit og sá um hönnun sýningarinnar. Heimildir eru m.a. fengnar frá Þjóðskjalasafni Íslands.

Fræðslulögin 1907

og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu

Fræðslulög 1907-1936

Með Lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. nr. 59/1907 hófst opinber kennsluskylda. Fræðslulögin mörkuðu tímamót í fræðslumálum þjóðarinnar og voru að stærstum hluta byggð á tillögum dr. Guðmundar Finnbogasonar, síðar landsbókavardar, sem vann að málinu 1901-1905. Lögin voru endurskoðuð 1926. Þá fengu bæjarfélög heimild til að færa skólaskyldu niður í 8 ár og bætt var við kennslu í handavinnu og teikningu. Farkennsla var einnig lengd um einn mánuð, í þrjá mánuði. Árið 1934 var svo skipuð nefnd undir formennsku Snorra Sigfússonar skólastjóra og síðar námsstjóra til að endurskoða fræðslulögin aftur. Nýju lögin tóku gildi 1936 og helsta breytingin var að skólaskylda var færð niður í 7 ár og starfstími skólanna lengdur um 1-2 mánuði á ári.



Æney um 1930.

Um „uppræðing barna“

Fyrsta tilskipun um barnafræðslu á Íslandi var með konungsbréfi 2. júlí 1790 um „Uppræðing barna“. Árið 1880 voru samþykkt lög á Alþingi „Um uppræðing barna í skript og reikningi“. Vitað er að einhver barnafræðsla var á stærri heimilum í Snæfjallahreppi á 19. öldinni og um aldamótin 1900 voru heimiliskennarar á stærri býlum. Einkakennarar, kostaðir af viðkomandi bændum, munu hafa verið tímabundið við kennslu í Æðey, Unaðsdal og Sandeyri og líklega á fleiri bæjum. Börnum var sagt til í lestri, skrift og reikningi á heimilum, ef einhver var til staðar sem var fær um það. Skyld var að læra kristnifræði. Sóknarprestar húsvitjuðu, höfðu eftirlit með uppræðslu og gáfu vitnisburð um kunnáttu ungmenna.

Fræðslulögin 1907

og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu

Farkennsla í vítahring

Farkennsla fór mjög í vöxt samhliða auknum styrkveitingum úr ríkissjóði á árunum 1888-1904, en í samanburði við föstu skólana var hlutur farkennslunnar rýr. Í rannsókn Guðmundar Finnbogasonar á barnafræðslu veturinn 1903-1904 kemur fram að 309 farkennarar voru það skólaár og kenndi hver kennari að meðaltali 13,8 nemendum á 2-3 stöðum. Sérstakar kennslustofur voru á innan við fimmta hverjum kennslustað. Húsakynni til sveita leyfðu sjaldnast að mörgum börnum væri safnað saman á einum bæ og tregðu gætti hjá foreldrum að koma börnum fyrir á öðrum bæjum. Starfskraftur hvers kennara nýttist síður þar sem mikill tími fór í ferðalög. Ráða þurfti marga kennara miðað við nemendafjöldann og afleiðingin var lág laun farkennara. Farkennslan var því komin í vítahring árið 1904 og brýn þörf á endurskoðun laga um barnafræðslu.

Skipting fræðsluforma 1908-1948

	1908-9	1920-21	1927-28	1937-38	1947-48
Heimangönguskólar	46	49	61	89	95
Heimavistarskólar	0	0	2	17	34
Farskólar	118	129	142	141	112
Heimafræðsla	46	45	19	1	1

Farkennsla og fræðslulög

Það var fyrst með *Lögum um fræðslu barna* 1907 að farskólinn hlaut lögformlega stöðu. Lögin kváðu á um að heimilin skyldu sjálf annast og kosta fræðslu barna til 10 ára aldurs. Þau lögðu samfélaginu hinsvegar þá skyldu á herðar að veita 10-14 ára börnum ókeypis fræðslu og skyldi sameiginlegur kostnaður greiddast úr sveitarsjóði. Lögin gerðu ráð fyrir að þessari samfélagslegu skyldu mætti fullnægja annaðhvort með heimangöngu- eða heimavistarskóla og umdæmið þá kallast skólahérað, eða með farskóla eða eftirliti með heimafræðslu og umdæmið þá kallast fræðsluhérað. Fastir skólar voru framan af bundnir við þéttbýli og veittu að minnsta kosti sex mánaða kennslu á ári, en ekki var kveðið á um lágmarkslengd árlegs kennslutíma í farskólum, þó gengið hafi verið út frá því að hann yrði að jafnaði ekki skemmri en tveir mánuðir. Farskólinn var frá upphafi tengdur strjálbýli og erfiðum samgöngum, en einnig fátækt og vantrú á gildi barnafræðslu í skólum.

Fræðslulögin 1907

og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurehþingum hinum fornu

Farskóli á Snæfjallaströnd

Fram eftir fyrri hluta 20. aldar var barnakennsla í Snæfjallahreppi með hefðbundnum hætti, þeirrar tíðar, eða farskóli. Kennarinn fór um Ströndina eftir þörfum. Kennnt var til skiptis á bæjunum og vítað er að farskólinn var fram til 1936 í Neðri-Bænum í Bæjum, Unaðsdal, Æðey, Skarði og Sandeyri. Um árabíl var aðalkennslan í skólahúsinu á Snæfjöllum, sem hreppurinn keypti af Helga Kr. Jónssyni, en það hús byggði hann 1899 og bjó þar nálega áratug. Húsið var notað sem barnaskóli fram á 4. áratuginn og þinghús lengur. Áfram var farkennsla á ýmsum bæjum í Snæfjallahreppi til vorsins 1936, en þann vetur frá hausti 1935 var kennsla í skólahúsinu á Snæfjöllum í 36 daga, en hafði verið í 65 daga veturinn áður. Í Unaðsdal var leigt húsnæði fyrir kennsluna í 128 daga. Kennnt var í stofunni, en kennarinn hafði auk þess herbergi. Einnig var kennt í Neðri-Bænum og á Skarði um tíma, þennan síðasta vetur sem kennt var til skiptis á bæjunum.



Unaðsdalshúsin um 1899.

Farkennarar á Snæfjallaströnd

Ekki eru tiltækar heimildir um alla farkennara, sem voru á Snæfjallaströnd, en þó er hægt að nefna nokkra þeirra. Geir Jón Jónsson, síðar skrifstofumaður í Reykjavík, var farkennari veturinn 1909-1910, en hann átti um tíma heima á Ísafirði og var kennari þar. Hjörtur Clausen var kennari 1913-1914, Lárus Guðnason í Æðey 1915-1916 og Ágúst Eliasson í Æðey 1928-1929, sumir þó trúlega meira en einn vetur. Sá sem oftast var farkennari var Hávarður Friðriksson á Hallsstöðum á Langadalströnd. Hann var fyrst farkennari veturinn 1914-1915 og fékk þá greidd kennslulaun úr hreppssjóði, kr. 136. Hann kenndi svo veturna 1917-1918 og 1921-1922, líklega þó oftast á þessum árum og síðast 1930-1931. Hávarður var ekki kennaramenntaður, en hann var búfræðingur frá Hólum og fór einnig til Noregs í búfræðinámi. Hann hafði því góða menntun á þeirrar tíðar mælikvarða.

Fræðslulögin 1907

og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurehreppum hinum fornu

Viðbrögð Grunnvíkinga við fræðslulögum 1907

Míðað við Snæfjallahrepp brugðust menn í Grunnavíkurehreiði seint og treglega við kröfum fræðslulaganna. Engin barnafræðsla var kostuð af almannafé um árabil. Séra Kjartan Kjartansson skrifaði bréf til yfirstjórnar fræðslumála 15. sept. 1905 þar sem hann kvartar yfir andvaraleysi hreppsnefndar. Fyrstu tvo áratuginu eftir setningu fræðslulaganna var skipulegt barnafræðsla í hreppnum mjög slitrótt og með farskólasniði. Fyrst var kennslu haldið uppi veturinn 1909–10, með þátttöku 15 barna, en síðan ekki söguna meir fyrr en 1913–14 og voru nemendur þá 23. Barnafræðsla lagnaðist út af í heimsstyrjöldinni fyrri, en farskólahald var svo endurreist veturinn 1918–19 um það leyti sem séra Jónmundur Halldórsson kom að Stað í Grunnavík. Reglulegt varð skólahald í hreppnum ekki fyrr en upp úr miðjum þriðja áratug aldarinnar. Séra Jónmundur hafði ósvikinn áhuga á að efla barnafræðslu. Um þetta vitnar m.a. bréf sem hann skrifaði fræðslumálastjóra snemma árs 1920 þar sem hann kvartaði sáran undan vankunnáttu barnanna: „Við prestar erum því í hreinustu vandræðum með börnin þegar byrjar undirbúningur undir ferminguna. Börnin eru ekki læs og vita auðvitað mjög lítið.“



Ferming í Stúrkirkju í Grunnavík í maí 1904. Séra Jónmundur Halldórsson stendur í kirkjubyrum. Fermingarbörnin standa fremst; Sveinbjörn Jakobsson frá Kvímu; Ándís Ásgeirsdóttir, Nesi; Rósa Halldórsdóttir, Dynjanda og Rósa Jóhannsdóttir, Dynjanda.

Skólahald í Grunnavíkurehreiði

Kennslustaðir voru fjórir í Grunnavíkurehreiði 1913–14; Sætún í Grunnavík, Höfðaströnd, Dynjanda og Reykjarfjörður á Ströndum - þar sem var laug til sundkennslu. Var að jafnaði kennt í tvo mánuði á hverjum stað. Síðar var einnig kennt m.a. í Sútarabúðum og á Höfðaströnd. Skólahald var í Steinhúsinu í Sætúni á þriðja og fjórða áratugnum í tíð séra Jónmundar Halldórssonar, sem var prestur á Stað frá 1918 til 1954. Forveri Jónmundar á Stað, séra Kjartan Kjartansson, byggði húsið árið 1906 og var það fyrsta steinsteypa húsið í Grunnavíkurehreiði. Séra Jónmundur var lengi oddviti í hreppnum og hafði þá uppi áform um að byggja sérstakt skólahús, en af því varð ekki. Auk prestanna Kjartans og Jónmundar voru farkennarar í Grunnavík m.a. Kristján Júlíusson, Stefán Hallsson, Sigurður Tryggvason, Halldór Þórarinnsson, Óskar Friðbjarnarson og tvö barna séra Jónmundar. Kennarar voru oft ungt fólk úr hreppnum. Síðasti kennari í Grunnavík var Sigfús Kristjánsson frá Nesi sem kenndi þar „í snotturri stofu með góðum ofni“, eins og séra Jónmundur sagði í bréfi til fræðslustjóra. Sigfús kenndi í tvo mánuði í Nesi og tvo á Dynjanda veturinn 1947–48.

Fræðslulögin 1907 og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu

Kennaraskortur

Oft reyndist erfitt að fá menntaða kennara, t.d. fékkst enginn haustið 1929 og var þá auglýst eftir farkennara. Kom þá Sólveig Ólafsdóttir frá Strandseljum til kennslu um veturinn. Stundum mun hafa þurft að fá fólk í hreppnum til að grípa í kennslu, a.m.k. var Kristinn Sigurðsson í Hærri-Bænum leiðbeinandi í 8 vikur árið 1927 og fékk 100 krónur í kaup. Kristjana Helgadóttir á Skarði í Skötufirði var kennari í tvo vetur 1931-1933 og kenndi síðast samfellt í skólanum á Snæfjöllum, en einhvern hluta á innri Ströndinni. Farkennari veturinn 1933-1934 var Þorgerður Sveinsdóttir systir Ásmundar myndhöggvara. Jóhann Hjaltason kom til kennslustarfa í Snæfjalla-hreppi haustið 1934 og var ráðinn farkennari í tvo vetur. Jóhann hafði að baki nám í Kennarskólanum og hafði stundað heimiliskennslu eða verið farkennari í Strandasýslu í nokkra vetur og í Reykjafjarðarhreppi veturinn 1932-33. Farskóli var þar og mun hafa verið kennt í húsi Umf. Vísis hluta úr þremur vörum. Reykjafjarðarhreppur og Nauteyrarhreppur stóðu að stofnun heimavistarbarnaskóla í Reykjanesi, sem tók til starfa haustið 1934 og héraðsskólinn í ársbyrjun 1935, að frumkvæði Aðalsteins Eiríkssonar, skólastjóra.



Ásgarður um 1950.

Hvers vegna barnaskóli í Snæfjallahreppi?

Barnmargar fjölskyldur voru í Snæfjallahreppi og líklega hefur þótt mikið að bæta við öllum skólaskyldum börnum þaðan í nýstofnaðan skóla í Reykjanesi. Þar voru mörg börn fyrir frá Nauteyrarhreppi og Reykjafjarðarhreppi og ekki nægur húsakostur kominn. Á fjórða áratugnum voru yfir 20 börn á skólaaldri í Snæfjallahreppi og naumast fært að koma við kennslu á ýmsum bæjum áfram. Það varð því að ráði að koma skólahaldi farskólans fyrir á einum stað í heimangönguskóla. Hugmynd hreppsnefndar Snæfjallahrepps var að byggja skólahús jafnframt samkomuhúsi á Innri Ströndinni. Umf. Ísafold samþykkti aðild að byggingunni, en hreppsnefndin samþykkti aldrei aðild. Ungmennafélagið hafði keypt rekavið frá Ströndum sem félagar höfðu sagað og unnið. Þessi forvinna átti að koma upp í hlut ungmennafélagsins. Áform um byggingu skólahúss á Snæfjallaströnd fóru út um þúfur. Ungmennafélagið yfirtók timbrið sem átti að fara í skólahúsið og byggði félagshús án þátttöku hreppsins. Húsið var skírt Ásgarður og stendur reykháfur þess enn við hlið Dalbæjar.

Fræðslulögin 1907 og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu

Heimangönguskóli

Vorið 1936 var skólinn í Reykjanesi búinn að starfa í tvo vetur og stóð til að Snæfjallahreppur tæki þátt í rekstri hans, en af því varð ekki. Þá var kennt á þremur stöðum í hreppnum, hálfan mánuð í senn á hverjum stað. Á svonefndri Ytri-Strönd fór kennslan fram á Skarði og á Innri-Strönd í Unaðsdal og í Neðri-Bæ í Bæjum. Á þessum tíma keypti Jóhann Hjaltason farkennari jarðarpart í Bæjum, Hólhús, og flutti þangað ásamt konu sinni Guðjónu Guðjónsdóttur og börnum. Kennaralaunin voru lág og einungis greitt fyrir þá mánuði sem kennslan stóð yfir og í hlutfalli við fjölda nemenda.

Aðalsteinn Eiríksson, skólastjóri Héraðskólans í Reykjanesi, benti Jóhanni á að kanna möguleika á því að fá leigða stofu á nýbýlinu Lyngholti hjá hjónunum Salbjörgu Jóhannsdóttur ljósmóður og Ingvari Ásgeirssyni bónda, smið og bókbindara. Leitaði Jóhann til þáverandi fræðslumálastjóra, Ásgeirs Ásgeirssonar, síðar forseta Íslands, um að koma á fót heimangönguskóla á Lyngholti. Ásgeir var því mótfallinn. Sneri Jóhann sér þá til Vilmundar Jónssonar, landlæknis og alþingismanns og var málið í höfn skömmu síðar.



Nemendur og kennari Lynghóltskóla vorið 1947.

Ívi: Þorgar Halldórsen, Bæjum; Árni Jóhannsson og Hjalte Jóhannsson finna íra gamall fyrir framan þann og Guðjóna Guðjónsdóttir móðir þeirra eftir. Öll búið í Hólhúsi Bæjum; Hólkeldur Guðmundsson, Arnbekke Jósep Kóniksson, Snæfjöllum; Auðunn Helgason, Unnbedal; Jóhann Hjaltason, kennari; Jóhanna Ingersdóttir, Lyngholti; Ingigerður Jóhannsdóttir, Hólhúsi Bæjum; Elísabet Rósinarkadóttir, Snæfjöllum.

Skólahald á Lyngholti

Salbjörg Jóhannsdóttir og Ingvar Ásgeirsson fluttu í hálfbyggt húsið á Lyngholti í janúarbyrjun 1936. Þegar lokið var við að byggja húsið um haustið byrjaði skólinn í stofunni, á beru steingólfinu og allt ómálað. Guðbrandur Kristinsson pípuलगnameistari á Ísafirði var fenginn um haustið til að setja upp mó- og kolakytan miðstöðvarketil og ofna. Einnig var sett upp fyrsta vatnssalernið í hreppnum á Lyngholti. Stofuborð heimilisins var notað fyrir kennaraborð. Skólaborð og bekkir komu frá skólahúsinu á Snæfjöllum. Voru þetta 6 tveggja manna borð, með hallandi borðplötu og áfasta bekkir fyrir tvo. Þannig var pláss fyrir 12 skólabörn við borðin í einu. Borðin voru tekin út að sumrinu og var þá hægt að nota stofuna fyrir heimilið. Skólastofan á Lyngholti var ekki stór, aðeins um 13 fermetrar og var fullsetin í 12 sætunum og meira en það, framan af þeim tíma sem skólinn starfaði. Flestir voru nemendurnir veturinn 1938-1939, en þá voru 28 skráðir alls í skólanum, en yngstu börnin lærðu mikið heima. Á skólatímanum á veturna voru stundum 9-10 manns á Lynghóltsheimilinu þegar 2-3 nemendur frá Ytri Ströndinni dvöldu þar og sváfu allir í sama herberginu.

Fræðslulögin 1907

og skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurreppum hinum fornu

Kennslan á Lyngholti

Eftir að skólinn byrjaði á Lyngholti var Jóhann Hjaltason skólastjóri og kennari þar og til vorsins 1947, að skólahald lagðist niður innan hreppsins. Skólanum var skipt í yngri og eldri deild. Námsbækurnar komu frá Ríkisútgáfu námsbóka eða Fræðslumálaskrifstofunni. Salbjörg húsfreyja á Lyngholti sá um handavinnukennslu. Nemendur unnu 7-8 muni hvert yfir veturinn og þar með peysur og vettlinga með útþrjóni. Bæði strákar og stelpur voru í þessari handavinnu og allir lærðu að þrjóna. Stelpurnar gerðu þó meira af því að sauma út. Seinni hluta tímans sem skólinn var á Lyngholti var enn meiri áhugi á þrjónaskap. Þá var farið að þrjóna úr lopa og þrjónuðu allir sem í skólanum voru fallegar útþrjónaðar lopapeysur. Þegar kom fram á miðjan 5. áratuginn fór skólabörnum að fækka, svo að sjáanlegt var að ekki yrði haldið áfram með barnaskólann á Lyngholti. Skólinn var því lagður niður vorið 1947 og krakkarnir úr Snæfjallahreppi fóru í barnaskólann í Reykjanesi eftir það. Þá flutti Jóhann Hjaltason úr hreppnum og gerðist skólastjóri í Súðavík og varð hreppstjóri þar, en flutti til Reykjavíkur 1955 og var þar áfram kennari við Breiðagerðisskóla. Kennari var hann alls um 40 ár.



Fré sundlauginni í Unaðsdal um 1945.

Sundkennsla í Unaðsdal

Nemendur Lyngholtsskólans gátu einnig notið sundkennslu fyrstu árin. Sumarið 1934 fengu þrír ungir menn frá Bæjum leyfi hjá Helga Guðmundssyni bónda í Unaðsdal til að byggja sundlaug við volga uppsprettu innst í Unaðsdal. Þar er 19 stíga heitt vatn og rennur lækjarsytra frá lauginni. Sundlaug var byggð þar í sjálfboðavinnu og var því að mestu lokið sumarið 1935. Sundlaugin var ekki stór, vart yfir 10 metrar. Þegar Ungmennafélagið Ísafold var stofnað í júlí 1935 tók það við forræði sundlaugarinnar. Búningsaðstaðan var í fjöldum til að byrja með, en sumarið 1937 var byggður búningsklefi úr steinsteypu, á malarholti austan til við laugina. Vorið 1936 var haldið sundnámskeið við sundlaugina í fyrsta sinn og voru slík námskeið haldin í sex ár samfleytt. Sundkennarar voru Engilbert Guðmundsson á Lönseyri; Kristján Júlíusson frá Bolungavík; Arnþrúður Sigurðardóttir í Hærri-Bæ og Tryggvi Halldórsson í Neðri-Bæ. Eftir 1941 var ekki ráðinn sundkennari, en laugin var þó mikið notuð eftir sem áður. Nemendur voru stuttan tíma í sundlauginni í einu vegna þess hversu köld hún var. Talsverður fjöldi barna og unglinga lærði að synda í Dalslauginni - einnig unglingar frá Ísafirði - og eitthvað af fólki yfir tvitugt líka.